# Stafræn skil

## á uppgjöri einstaklinga í persónukjöri




### Hvenær á að skila?

Uppgjöri ber að skila til Ríkisendurskoðunar í síðasta lagi 3. mánuðum eftir kosningar.

### Hvar á að skila?

Skil uppgjöra fara fram á vef island.is, slóðin er: https://island.is/skila-uppgjori-einstaklingsframbod

### Hverjir geta skilað?

Frambjóðendur sem eru í persónukjöri, eða einstaklingar sem frambjóðandi hefur veitt umboð á ísland.is, geta skilað uppgjöri frambjóðanda.

Athugið að skila ber uppgjöri vegna persónukjörs á kennitölu frambjóðanda jafnvel þó framboðið hafi verið með sérstaka kennitölu (sem lögaðili).

### Hvernig fara skilin fram?

Notandinn skráir sig inn með rafrænum skilríkjum. Ef hann er með umboð fyrir annan einstakling þá birtist valmynd þar sem hægt er að velja þann einstakling.

Hér er dæmi þar sem frambjóðandi (Sigrún) hefur veitt þriðja aðila (Jóhannesi) umboð. Jóhannes velur því Sigrún Benediktsdóttir.




Við tekur einfalt form þar sem velja þarf annars vegar vegna hvaða kosninga uppgjörið er og hvort frambjóðandi hafi farið yfir tiltekin fjárhæðarmörk.

- Ef frambjóðandi er innan tiltekinna fjárhæðarmarka útbýr kerfið yfirlýsingu þess eðlis sem frambjóðandi þarf að undirrita með rafrænum skilríkjum.
- Ef frambjóðandi er yfir tilteknum fjárhæðarmörkum þarf að skrá nokkrar lykiltölur úr rekstrinum og síðan er uppgjörið sent inn sem viðhengi á pdf formi.